

Föstudaginn 18. október 1996.

Nr. 12/1996.

Félag íslenskra flugumferðarstjóra

(Ástráður Haraldsson hrl.)

gegn

samgönguráðherra f.h. Flugmálastjórnar

og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Frávísun að hluta.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingi-
björg Benediktsdóttir, Björn Lárus Bergsson og Guðmundur
Skaftason.

Málið, sem tekið var til úrskurðar 14. okt. sl., var höfðað með
stefnu áritaðri ódagsett um birtingu, þingfestri 30. september sl.

Stefnandi er Félag íslenskra flugumferðarstjóra, kt. 560372-0199,
Grensásvegi 16, Reykjavík.

Stefndu eru samgönguráðherra f.h. Flugmálastjórnar og Friðrik
Sophusson, kt. 181043-4669, Bjarkargötu 10, Reykjavík, fjármálaráð-
herra f.h. ríkissjóðs, kt. 540269-6459, Arnarhvali, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að dæmt verði að réttur sé sá skilningur stefnanda að í gildi sé samkomulag milli stefnanda og stefndu um vaktavinnu og fyrirkomulag hennar sem sé hluti kjarasamnings málsaðila og verði ekki breytt með einhliða yfirlýsingum annars aðilanna.
2. Að stefnda Flugmálastjórn sé óheimilt að láta koma til framkvæmda fyrirhugað breytt fyrirkomulag vaktavinnu í Flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík þann 30. september 1996, án undan-
gengins samkomulags við stefnanda.
3. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefndu eða samkvæmt málskostnaðarreikningi lögmanns stefnanda sem áskilinn er réttur til að leggja fram við aðalflutning málsins ef til hans kemur.

Dómkröfur stefndu:

Aðallega: Að 1. kröfulið stefnanda verði vísað frá Félagsdómi og að stefndu verði að öðru leyti sýknaður af kröfum stefnanda.

Til vara: Að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.

Í öllum tilvikum er þess krafist að stefndu verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati Félagsdóms.

Frávísunarkrafa stefndu er hér til úrlausnar.

Málavextir.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að í bókun með kjarasamningi aðila frá 17. júlí 1986, hafi verið kveðið á um að stofnuð skyldi samstarfsnefnd Félags Íslenskra Flugumferðarstjóra (FÍF) og Flugmálastjórnar (FMS) er ynni að breyttu vaktafyrirkomulagi. Nefndina skyldu skipa 2 til 3 frá hvorum aðila og niðurstöðum skyldi skilað til samgönguráðuneytisins fyrir 30. desember 1986. Samhliða þessu hafi verið samið um styttingu vikulegrar vinnuskyldu fyrst í 39 klst. og síðan í 38 klst. samfara breyttu vaktafyrirkomulagi.

Nefnd um nýtt vaktafyrirkomulag í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík hafi tekið til starfa og verið skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum aðila. Nefndin hafi skilað niðurstöðu 25. mars 1987. Vaktafyrirkomulagi hafi síðan verið breytt til samræmis við niðurstöðu nefndarinnar.

Í kjarasamningi FÍF og fjármálaráðuneytis f.h. samgönguráðuneytisins frá 10. júní 1987 hafi í bókun verið ákvæði um að „umsamin launatafla miðist við breytt vaktafyrirkomulag sem felur í sér hagræðingu samfara auknu öryggi, sbr. ákvæði sérkjarasamnings FÍF frá 17. júlí 1986 og tillögur nefndar FÍF og flugmálastjórnar, þar að lútandi, dags. 25. mars 1987. Skal hún einnig gilda fyrir fastan vinnutíma þeirra vinnuhópa sem enn ganga óbreyttar vaktir og skal nefnd skipuð fulltrúum flugmálastjórnar og FÍF vinna að tillögum um breytingar á vinnutíma þeirra til samræmis við áður greindar tillögur. Skal nefndin skila tillögum til samgönguráðuneytisins fyrir árslok 1987.“

Stefnandi segir að þeir aðilar sem eftir var að semja um breytt vaktafyrirkomulag fyrir hafi verið flugturninn í Reykjavík og vinnustaðir félagsmanna stefnanda í Vestmannaeyjum, Akureyri og Keflavík. Stjórn FÍF hafi skipað fulltrúa sína á viðkomandi stöðum í nefnd til að vinna að þessum breytingum sem tækju þá tillit til sérstöðu hvers vinnustaðar fyrir sig en byggðu þó á grunnramma fyrsta samningsins.

Ein nefnd hafi verið skipuð til að vinna að breytingum í Keflavíkurflugturni og Reykjavíkurflugturni. Nefndin hafi verið skipuð fulltrúum FÍF og FMS. Nefndin hafi komið saman 30. september

1987. Hlutverk nefndarinnar hafi aðallega verið stytting vakta og samræming við vaktaskipan í Flugstjórnarmiðstöðinni. Nefndin hafi ákveðið að skipta með sér verkum, þ.e. annar hópurinn semdi um breytingar á Keflavíkurflugturni, en hinn fyrir Reykjavíkurflugturn. Stefnt hafi verið að því að ljúka störfum í október en vaktafyrirkomulagið tæki gildi í byrjun nóvember eða um áramót.

Samkvæmt frásögn stefnanda var nefndin í Keflavík skipuð þremur fulltrúum FÍF, tveimur frá FMS Keflavík og tveimur frá FMS Reykjavík. Nefndin skilaði af sér í árslok 1987 og tók vaktabreytingin gildi í byrjun árs 1988. Í Reykjavík hafi nefndin verið skipuð tveimur fulltrúum FÍF og þremur frá FMS. Nefndin hafi skilað af sér í árslok 1987 og nýtt vaktafyrirkomulag tekið gildi í ársbyrjun 1988.

Í tengslum við undirritun kjarasamnings aðila í desember 1995 segir stefnandi að enn hafi verið gert samkomulag varðandi vaktafyrirkomulag og breytingar á því, sbr. það sem fram komi á dóm skjali nr. 8.

Með bréfi dagsettu 2. febrúar 1996 hafi Flugmálastjórn tilkynnt um breytt vaktafyrirkomulag í Flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík og í Flugturni Reykjavíkurflugvallar sem skyldi taka gildi 6. maí. Stefnandi kveðst hafa mótmælt nefndri ákvörðun þegar í stað bréflaga með bréfi sem er ódagsett en sent FMS í febrúar 1996. Flugmálastjórn hafi óskað eftir afstöðu starfsmannaskrifstofu Fjármálaráðuneytis og þaðan hafi borist álit Önnu Sigríðar Örlygsdóttur dagsett 28. mars 1996 þar sem fram komi sú skoðun ráðuneytisins að FMS sé heimilt að gera einhliða breytingar á vaktafyrirkomulagi. Stefnandi hafi svo enn mótmælt þessum skilningi FMS og Fjármálaráðuneytisins með bréfi dagsettu 13. september 1996.

Í lok ágúst 1996 hafi svo komið fram ný vaktaskrá fyrir Flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík þar sem sett hafi verið fram nýtt vaktafyrirkomulag sem sé í ósamræmi við það sem um hafi verið samið með aðilum og feli í sér einhliða breytingu umsamins vaktafyrirkomulags. Þar sé gert ráð fyrir fækkun starfsmanna á næturvöktum og því að hluti starfsmanna skuli ganga vaktir með öðrum hætti en samkomulagið gerir ráð fyrir. Þessu hafi stefnandi mótmælt enn einu sinni með bréfi dagsettu 9. september 1996 en því hafi í engu verið svarað.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi telur að ekki séu fyrir hendi einhliða heimild atvinnurekanda, í þessu tilviki stefnda Flugmálastjórnar, til einhliða breytinga á vaktafyrirkomulagi starfsmanna sinna. Slík heimild sé ekki fyrir hendi, enda sé vinnutíminn og fyrirkomulag hans eitt af mikilvægustu kjaraatriðum starfsmanna og ljóst bæði af kjarasamningi aðila, bókunum tengdum honum, lögum um kjarasamning opinberra starfsmanna og almennum reglum vinnuréttar að um fyrirkomulag vinnutíma eigi starfsmenn og stéttarfélag þeirra samningsrétt. Breytingar á umsömdu vaktafyrirkomulagi geti því ekki komið til framkvæmda nema um þær sé samið með aðilum. Af hálfu stefnanda sé fullur vilji til að reyna að ná slíkum samningi en það eitt skorti á að af hálfu atvinnurekandans sé leitað eftir viðræðum um slíkan samning. Stefnandi byggir jafnframt á því að jafnvel þó að ekki yrði litið svo á að samningar aðila um vaktavinnu séu beint hluti kjarasamnings þá séu þeir ígildi kjarasamnings og verði sem slíkum ekki einhliða breytt að vilja annars aðilans.

Rökstuðningur stefndu fyrir frávísunarkröfunni.

Stefndu telja 1. kröfulið stefnanda svo óljósan að trauðla verði um hann dæmt í málinu. Krafan sé svo almenns eðlis að dómur um hana geti engin réttaráhrif eða þýðingu haft fyrir aðila málsins, hvorki stefnanda né stefndu. Í kafla 2.5. í kjarasamningi séu til að mynda margvísleg ákvæði um vaktavinnu og fyrirkomulag vakta. Stefnu gætu fyrir sitt leyti fallist á 1. kröfulið í stefnu ef átt væri við ákvæði kafla 2.4. til 2.7. í kjarasamningi, en slík viðurkenning myndi engum skynsömum tilgangi þjóna. Dómur um kröfuna yrði heldur ekki til þess fallinn að leiða réttarágreining til lykta á einn eða annan veg. Þar sem krafan skírskoti ekki til neins ákveðins samkomulags telja stefndu að það eigi að valda frávísun hennar. Er vísað til meginreglna einkamálaréttarfars um skýran og glöggan málatilbúnað, sbr. 25. gr. og d-lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Sama eigi í raun við um 2. kröfulið stefnanda þótt ekki sé gerð sérstök krafa um frávísun hans. Stefnu telja málið í því tilviki vanreif- að af hálfu stefnanda þannig að frávísun eigi að varða ex officio. Krafan sé þess eðlis að vera beiðni um lögfræðilega álitserð. Telji dómurinn unnt að leggja dóm á einhverja kröfu stefnanda komi í hlut stefndu að gera grein fyrir málsatvikum þannig að geta megi til

um hvaða ágreiningur kunni að vera uppi í skiptum stefnanda og stefndu.

Við munnlegan flutning vegna frávísunarkröfunnar var þess krafist af hálfu stefnanda að frávísunarkröfunni verði hrundið og litið verði til þessa þáttar við ákvörðun málskostnaðar við efnisdóm í málinu.

Ágreiningur málsaðila felist í mismunandi skilningi á nógildandi kjarasamningi. Dskj. 8 sé undirritað um leið og kjarasamningurinn og telur stefnandi það skjal hluta kjarasamningsins. Dskj. 9 gefi til kynna að Flugmálastjórn telji sér heimilt að breyta vaktafyrirkomulagi einhliða. Fyrirkomulag vaktavinnu sé samningsbundið og verði ekki breytt með einhliða ákvörðun Flugmálastjórnar.

Aðilum sé fulljóst hver ágreiningurinn er, þ.e. vaktavinna og fyrirkomulag hennar. Málið snúist um það hvort stefnda sé heimilt að breyta fyrirkomulagi vaktavinnu eða ekki.

Kröfur stefnanda undir liðum 1., 2. og 3 séu ein heild. 2. liður sé ekki varakrafa.

Niðurstaða.

Í 1. lið dómkröfu stefnanda krefst hann þess „að réttur sé sá skilningur stefnanda að í gildi sé samkomulag milli stefnanda og stefndu um vaktavinnu og fyrirkomulag hennar sem sé hluti kjarasamnings málsaðila og verði ekki breytt með einhliða yfirlýsingum annars aðilanna“. Þungamiðjan í málatilbúnaði og lagarökum stefnanda felst í þessu. Lagarök og málsástæður stefnanda verða ekki gerð að sjálfstæðum lið í dómkröfum hans.

Dómsorð í þá veru, sem stefnandi krefst, myndi eigi eitt út af fyrir sig ráða ákveðnu ágreiningsefni til fullnaðarlykta á einn veg eða annan. Kröfugerð þessi verður eigi metin dómhæf, sbr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Með vísan til þessa ber að taka frávísunarkröfu stefnda til greina. Ákvörðun um málskostnað bíður efnisdóms í málinu.

Úrskurðarorð:

Krafa stefndu, samgönguráðherra f.h. Flugmálastjórnar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, um að 1. kröfulið stefnanda, Félags íslenskra flugumferðarstjóra, verði vísað frá dómi, er tekin til greina.
